



Vogaskóli – heildarmat á skólastarfi

Júní 2010
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson
Birna Sigurjónsdóttir
Guðrún Edda Bentsdóttir
Hildur Sigurðardóttir
Hildur B. Svavarsdóttir
Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Efnisyfirlit | 3 |
| Inngangur | 4 |
| Mat á skólastarfi | 5 |
| Skólastarf | 7 |
| Námsárangur | 7 |
| Stjórnun | 9 |
| Skipulag skóladags | 10 |
| Samstarf við grenndarsamfélagið | 10 |
| Stefna og starfsáætlun | 11 |
| Nemendur og líðan | 13 |
| Stjórn nemendafélags | 15 |
| Reglur og agi | 16 |
| Viðvera nemenda | 18 |
| Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi | 18 |
| Upplýsingamiðlun og samskipti | 21 |
| Verklag | 22 |
| Fjölbreyttar leiðir í námi | 22 |
| Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna | 23 |
| Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir | 23 |
| Skóli án aðgreiningar - sérkennsla | 25 |
| Skólaþróun og mat | 27 |
| Virk upplýsingamiðlun | 28 |
| Skólanámskrá og námsáætlanir | 28 |
| Heimasíða | 29 |
| Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi | 29 |
| Mannauður | 31 |
| Starfsánægja og líðan á vinnustað | 31 |
| Samstarf | 31 |
| Aðbúnaður | 32 |
| Símenntun og starfsþróun | 33 |
| Viðhorf starfsmanna til stjórnunar | 34 |
| Viðvera starfsmanna | 35 |
| Fjármál | 36 |
| Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun | 36 |
| Fjárhagsleg staða skólans | 36 |
| Greining | 37 |
| Samantekt ábendinga | 37 |
| Heimildir | 45 |
| Fylgiskjöl | 45 |

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Vogaskóla sem fram fór í apríl 2010. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Vogaskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2009-2010. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Vogaskóla er Jónína Ólöf Emilsdóttir og aðstoðarskólastjóri Agnes Björnsdóttir. Í Vogaskóla eru 327 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2009-2010. Tæp 117,5% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Vogaskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Vogaskóla fækki heldur á næstu árum og þar verði um 300 nemendur árið 2014.

Í skólanum starfa 48 starfsmenn skólaárið 2009-2010 í 45,8 stöðugildum, þar af kennarar í 28 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru 7,1 nemendur á hvert stöðugildi sem er jafnt og í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Vogaskóla eru 11,7 nemandi á hvert stöðugildi sem er aðeins hærra en í borginni að meðaltali (11.3).

Kennsla hófst í Vogaskóla í desember 1958, flestir voru nemendur 1.623 árið 1966 og fæstir 257 árið 1988. Skólinn var einsettur árið 1994.

Húsnæði skólans skiptist í eldri byggingu og nýbyggingu. Í eldri byggingu eru nemendur í 8.-10. bekk og félagsmiðstöð ÍTR, Buskinn með aðsetur sitt, list- og verkgreinakennsla og aðstaða Vogasels, frístundaheimilis skólans. Í nýbyggingu eru nemendur í 1.-7. bekk, námsver, upplýsingaver, tungumála- og stærðfræðiver, tónmennt, heimilisfræði, skrifstofur stjórnenda, mötuneyti og matsalur (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010).

Heildarstærð skólans er um 4,074 m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólustefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007, í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008 og í 7 grunnskólum skólaárið 2008-2009. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2009-2010.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- Ákvörðun tekin um athugun í skóla vika 1
- Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn vika 1
- Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð vika 1
- Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki vika 2
- Vettvangsathuganir, rýnihópar vika 3
- Úrvinnsla og skýrslugerð vika 4-5

- Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu vika 5
- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjár hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjár hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun (nýjustu útgáfu) þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðusta heila önn
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2009-2010 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2009-2010 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir.
- Fundað með skólastjórnendum og með skólaráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf


Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Vogaskóla vorið 2009 og var niðurstaða þess að 59% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var um 69%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Vogaskóla var 65% sem er undir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2008 var Vogaskóli með meðalárangurinn 76% og þá gátu 73% nemenda lesið sér til gagns.




¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2009 er lakari en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (65% miðað við 72% í borginni allri) og lægra hlutfall nemenda í Vogaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (59% miðað við 69% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2009 er lakari en árið áður (76%) og hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (73% árið áður).

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 31 grunnskóla Reykjavíkur í nóvember 2009. Meðalárangur nemenda í Vogaskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitalan 10,9 sem er aðeins betri árangur og meðaltal allra grunnskólanna en það var 10,7. Í Vogaskóla stóðust 83% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.



Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Vogaskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 10,9 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Vogaskóla stóðust 83% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Vogaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk vorið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og jafnframt í flestum tilvikum yfir meðaltali borgarinnar.

Meðaltalsárangur í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk var 33,6³ í íslensku (meðaltal í Reykjavík 29,7) og 36,3 í stærðfræði (meðaltal í Reykjavík 32,9).

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

³ Normaldreifð einkunn á kvarðanum 0-60 þar sem meðaltalsárangur yfir landið er 30.

Meðaltalsárangur í 7. bekk haustið 2009 var 32,8 í íslensku (meðaltal í Reykjavík 31,3) og 30,8 í stærðfræði (meðaltal í Reykjavík 31).

Meðaltalsárangur nemenda í Vogaskóla í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2009 var 32,1 í íslensku (meðaltal í Reykjavík 31), 33,8 í ensku (meðaltal í Reykjavík 31,7) og 35,9 í stærðfræði (meðaltal í Reykjavík 30,9).

Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Vogaskóla 2009 er 0,98 í íslensku sem teljast venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði 0,96 sem einnig teljast venjulegar framfarir nemenda. Framfarastuðull nemenda í 10. bekk Vogaskóla 2009 er 1,03 í íslensku og 1,09 í stærðfræði sem teljast miklar framfarir nemenda (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2009).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Vogaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk vorið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og jafnframt í flestum tilvikum yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í íslensku og stærðfræði í 7. bekk og í íslensku í 10. bekk 2009 sýnir venjulegar framfarir nemenda en í stærðfræði miklar framfarir nemenda (1,09).

Stjórnun

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrjú deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans. Deildarstjórar yngra stigs (1.-7. bekkja) og eldra (8.-10. bekkja) eru í hálfu starfi sem stjórnendur og hálfu sem kennarar á stiginu, deildarstjóri sérkennslu er í 65% starfi sem stjórnandi.

Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun fyrir 2009-2010. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og alla starfsmenn skólans liggja fyrir og í starfsáætlun 2009-2010 er að finna stuttar lýsingar á verksviði starfsmanna eftir starfsheitum. Skólastjóri ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á skólanum og er aðaltalsmaður hans. Stjórnendur segjast fylgja starfslýsingum sínum, en geta samt gripið inn í hvor hjá annarri ef þörf er á.

Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til ákvarðanatöku og til að fara yfir skipulag næsta mánaðar, en þær hittast oftast ef þurfa þykir, sem dæmi nefnir skólastjóri fundi þeirra nú undir vorið utan vinnutíma til að undirbúa tillögur um breytt skipulag samstarfs kennara og nemenda næsta vetur. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hittast tvisvar til þrisvar í viku og tala saman daglega, enda skrifstofur þeirra hlið við hlið. Þær skipta með sér verkum þannig að skólastjóri sér um samskipti út á við en aðstoðarskólastjóri inn á við í skólanum, Þau tvö ár sem þær hafa starfað saman „höfum við verið að finna okkar styrkleika“, segir skólastjóri og skipta verkum eftir því.

Deildarstjórar yngra og eldra stigs stýra stigsfundum með kennurum á stiginu, boða þá með dagskrá og senda út fundargerðir eftir fundina. Á fundunum er farið yfir starfið framundan og viðburði í skólastarfinu. Þær funda einnig með nemendum og kennurum og stundum einnig foreldrum, ef upp koma erfiðleikar, s.s. vegna mætinga.

Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og tíma þeirra kennara sem þar starfa og sér um að aðlaga stundatöflur nemenda sem eru að hluta í sérkennslu og að hluta inni í bekk. Hún fundar einstaklingslega með sérkennurum eftir þörfum.

Deildarstjórar hafa mikið samráð sín á milli en hittast ekki á sérstökum fundum.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 78% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast tæp 40% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0). Í rýnihópi foreldra kemur fram ánægja með mikinn metnað skólastjóra gagnvart skólanum.

Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur almennt ágæt, en deildarstjórar hafi of mikið á sínum herðum sérstaklega á yngra stigi sem nær yfir 1.-7. bekk. Að mati kennara gætir ákveðinnar þreytu í þeim samskiptum vegna álagsins.

Stjórnendur eru sýnilegir „hérna miðsvæðis“ að mati kennara, en mættu fara meira út í stofur. Skólastjóri gerir sér far um að taka á móti nemendum á morgnana þegar þeir koma í skólann og „heilsar sumum með nafni“, segja nemendur. Nemendur tala einnig um að hún komi í heimsókn í stofurnar af ýmsum tilefnum.

Fastir fundartímar eru tvisvar í viku, á þriðjudögum eru kennarafundir og starfsmannafundir og á fimmtudögum stigsfundir og hópafundir og viðvera starfsmanna á þessum tíma þegar ekki er boðað til funda. Í handbók starfsmanna er fjallað um skipulag funda, fundastjórn og fundarritun.

Skipulag skóladags

Skóladagurinn hefst með kennslu kl. 8:10 og lýkur kl. 13:35 hjá 1.-4. bekk, kl. 14:00 hjá 5.-7. bekk og 14:35 í 8. bekk. Í 9. og 10. bekk er kennslu í kjarnagreinum lokið kl. 13:00 og eftir það eru valgreinar á töflu. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og í 15 mínútur milli 4. og 5. stundar. Matarhlé er í 30-40 mínútur á ólíkum tímum frá 11:10-13:20.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30, á töflu 5.-7. bekkja 35 og hjá 8. bekk 37 nemendatímar. Hjá 9. og 10. bekk eru 30 tímar á töflu, þar til viðbótar koma valgreinar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútur og svo er hlé. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir nema í 7. og 8. bekk og sundtímar hjá eldri bekkjum virðast vera stakir. Kennslu virðist almennt vera lokið kl. 13:00 á föstudögum á unglingastigi.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir eru skipulagðar milli skólans og leikskólanna með þátttöku Vogasels sem er frístundaheimilið við skólann. Skil á upplýsingum milli skólastiganna hafa verið í mótun og hefur þjónustumiðstöð hverfisins tekið þátt í þeirri vinnu sem hefur farið fram á sameiginlegum fundum.

Gott samstarf er við Menntaskólann við Sund sem felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknum og kennslu. Stjórnendur skólanna hittast 2-3 á ári og ákveða samvinnuna, sem dæmi þá koma nemendur úr framhaldsskólanum í heimsókn í Vogaskóla á tungumáladeginum, setja upp smíðjur og kenna nemendum og á stærðfræðideginum fara nemendur Vogaskóla í MS og

fræðast af eldri nemendum. Rektor MS tekur einnig árlega á móti nemendum í 3. bekk til að sýna þeim steinasafn skólans.

Verið er að athuga hvort elstu nemendur Vogaskóla geta fengið að taka áfanga í MS næsta vetur og þá helst í verklegum greinum og kannski tungumálum.

Töluvert samstarf er milli skólanna í hverfinu, stjórnendur leik- og grunnskóla hafa m.a. hist til að samræma starfsdaga í hverfinu. Grunnskólarnir þrír hafa haldið sameiginlegt kærleiksball fyrir unglingana og fleira mætti telja.

Ábendingar

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans.
- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun fyrir 2009-2010. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og alla starfsmenn skólans liggja fyrir og í starfsáætlun 2009-2010 er að finna stuttar lýsingar á verksviði starfsmanna eftir starfsheitum.
- Deildarstjórar yngra stigs (1.-7. bekkja) og eldra (8.-10. bekkja) eru í hálfu starfi sem stjórnendur og hálfu sem kennarar á stiginu, deildarstjóri sérkennslu er í 65% starfi sem stjórnandi.
- Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til ákvarðanatöku og til að fara yfir skipulag næsta mánaðar.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 78% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast tæp 40% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram ánægja með mikinn metnað skólastjóra gagnvart skólanum.
- Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur almennt ágæt, en deildarstjórar hafi of mikið á sínum herðum sérstaklega á yngra stigi sem nær yfir 1.-7. bekk. Að mati kennara gætir ákveðinnar þreytu í þeim samskiptum vegna álagsins.
- Fastir fundartímar eru tvisvar í viku, á þriðjudögum eru kennarafundir og starfsmannafundir og á fimmtudögum stigsfundir og hópafundir og viðvera starfsmanna á þessum tíma þegar ekki er boðað til funda.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30, á töflu 5.-7. bekkja 35 og hjá 8. bekk 37 nemendatímar. Hjá 9. og 10. bekk eru 30 tímar á töflu, þar til viðbótar koma valgreinar.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir nema í 7. og 8. bekk og sund hjá eldri bekkjum virðast vera stakir tímar.
- Samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir. Gott samstarf er við Menntaskólann við Sund sem felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknum og kennslu.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2009 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.

Stefna og gildi Vogaskóla er sett fram í starfsáætlun. Þar kemur fram að stefna skólans tekur mið af grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnu Reykjavíkurborgar. Gildin eru byggð út frá markmiðsgrein grunnskólalaganna þar sem fram kemur hlutverk grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-

2010). Þau eru: **Virðing, Samvinna og Ábyrgð**. Virðing fyrir hverjum og einum þar sem hver einstaklingur er einstakur og á að njóta sín á eigin forsendum. Starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og hver og einn ber ábyrgð á sínu námi/vinnu og framkomu. Stöðugt er unnið að því að gera einkunnarorðin sýnileg innan skólastarfsins. Framtíðarsýnin er sú að öllum nemendum og starfsfólki Vogaskóla líði vel í skólanum ásamt því að nemendur nái hámarksárangri út frá námi við hæfi (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010).

Meginmarkmið skólans eru birt í sjö markmiðssetningum:

Að gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti innan skólans.

Að nemendum og starfsfólki skólans líði vel í skólanum, í þeirri trú að góð líðan skapi góðan árangur.

Að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla verði á fjölbreytt námstækifæri.

Að nemendur taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi.

Að þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda.

Að jafnrétti og lýðræði ríki í skólanum.

Að góð samvinna sé milli starfsfólks, heimila og skóla.

(Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010).

Stjórnendur skólans hafa unnið að því að setja stefnumótun hans fram sem *Samhæft árangursmat (Balanced Scorecard)*. Þar er lýst framtíðarsýn, hlutverki, gildum og stefnu í skólastarfi. Áhersluþættir eru settir fram í fjórum víddum; Skólasamfélagið, Innri ferlar, Mannauður og Fjármál. Undir Skólasamfélaginu eru markmiðin; sterk og jákvæð sjálfsmynd nemenda; ábyrgir nemendur; ánægðir nemendur. Markmið Innri ferla eru; fjölbreytni í kennslu og námsmati; markviss vinna með gildi skólans; samvinna við grenndarsamfélagið; skipulögð samvinna milli heimila og skóla – foreldrum boðið í skólann á skólatíma og upplýsingaflæði til foreldra; aðgengileg skólanámskrá. Undir Mannauður; gott upplýsingaflæði – efla ábyrgð starfsfólks í að sækja og senda frá sér upplýsingar; starfsánægja, starfsmannastefna og undir Fjármál; standast fjárhagsáætlanir. Í hverjum þætti kemur fram lýsing á mælikvarða, aðgerðir og verkefni til að styðja mælikvarða og markmið. Loks er árangursmarkmið sett fram í prósentum.

Skólinn var móðurskóli í nemendalýðræði árið 2004-2006 og endurspeglast þær áherslur enn í skólanámskrá skólans og starfsháttum nemendafélags.

Áherslur skólaárið 2009-2010 eru birtar í starfsáætlun, þær eru; lestur, lífsleikni - jafnréttisfræðsla, Olweus gegn einelti, kannanir og sjálfsmat, fjölbreyttir kennsluhættir, samstarf heimila og skóla, útikennsla í 3. og 7. bekk (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010). Þessar áherslur endurspeglast í símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið.

Sérstaða skólans er tilgreind í sérstökum kafla í starfsáætlun, t.d. vinabekkir milli árganga, eldri og yngri hittast reglulega yfir skólaárið og spjalla, spila, syngja, lesa og vinna verkefni sem kennarar skipuleggja. Vinabekkjatengslin eru líka notuð í kirkjuferð og í vorferðum. (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010). Nemendaviðtöl umsjónarkennara við nemendur sína einu sinni á önn eru einnig nefnd í kafla um sérstöðu skólans, svo og morgunsöngur tvisvar í viku fyrir 1.-7. bekk, sbr. lýsingu í vettvangsathugun:

Dagurinn hófst með morgunsöng á sal með 1.-7. bekk. Kórinn söng eitt lag og hópurinn tók undir í viðlagi síðan voru kynntar sjálfsmyndir nemenda í 1.-4. bekk á fjórum stórum veggspjöldum sem settar eru upp í tilefni af Barnamenningarhátíð og gefnar skólanum til eignar. Myndmenntakennarinn sagði frá en myndirnar voru unnar undir stjórn hennar. Loks voru sungin nokkur lög undir stjórn tónmenntakennara með góðri þátttöku hópsins alls. Frábær byrjun á skóladegi.

(Fylgiskjal – vettvangsathuganir).

Almennt virðast starfsmenn þekkja vel stefnu og markmið skólans. Í viðhorfskönnun 2009 fær spurningin „Ég þekki markmið og stefnu vinnustaðar míns“ gildið 4,40 (meðaltal MSR var 4,30). Spurningin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ er einnig yfir meðaltali borgarinnar (4,18 á móti 4,12) og hefur hækkað töluvert frá könnun 2008 (3,38).

Foreldrar í rýnihópi segja að skólanámskráin sé kynnt og telja að almennt þekki foreldrar stefnu skólans ágætlega.

Ábendingar

- Starfsáætlun Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2009 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna skólans tekur mið af grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Gildi Vogaskóla eru: **Virðing, Samvinna og Ábyrgð**. Þau eru byggð út frá markmiðsgrein grunnskólalaganna þar sem fram kemur hlutverk grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin.
- Stjórnendur skólans hafa unnið að því að setja stefnumótun hans fram sem *Samhæft árangursmat (Balanced Scorecard)*. Þar er lýst framtíðarsýn, hlutverki, gildum og stefnu í skólastarfi. Áhersluþættir eru settir fram í fjórum víddum; Skólasamfélagið, Innri ferlar, Mannauður og Fjármál.
- Almennt virðast starfsmenn þekkja stefnu og markmið skólans vel miðað við niðurstöður úr viðhorfskönnun 2009.
- Foreldrar í rýnihópi segja að skólanámskráin sé kynnt og telja að almennt þekki foreldrar stefnu skólans ágætlega.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Vogaskóla sú að 76,2% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72,4% (Ungt fólk, 2009).

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁴

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Vogaskóla í apríl 2010 er skólinn er aðeins yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri en nálægt meðaltali í áhuga á stærðfræði og hefur hvort tveggja aukist frá síðustu mælingu í febrúar. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði og fylgir þeim sveiflum sem verða almennt í svörum nemenda. Spurning um sjálfsálit er nálægt landsmeðaltali, svo og spurningar um stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan. Einelti er aftur á móti undir

⁴ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

landsmeðaltali. Frá könnun í febrúar er mesta breytingin á fjarveru (almennri og viðvarandi) til hins betra.

Spurningar um skóla og bekkjaranda sýna jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu og fylgja flestar landsmeðaltali nema spurning um aga í tímum sem dalar aðeins og mælist undir landsmeðaltali.

Foreldrar barna í Vogaskóla meta líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,1 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali oftast vel og reyndar rúmlega það. Meðaltalið í borginni allri er einnig 4,1. Líðan í kennslustundum annarsvegar og í frímínútum hinsvegar, meta foreldrarnir einnig upp á 4,1 í hvoru tilviki en í borginni allri eru samsvarandi meðaltöl 4,1 og 4,0 (Foreldrakönnun 2010).

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir aðgerðaáætlun samkvæmt kerfi Olweusar (Heimasíða Vogaskóla).

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-10. bekk kemur fram að 7.1% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (4.5%) en stráka (9,8%) og hefur einelti meðal stráka aukist frá fyrra ári. 5 nemendur segjast hafa verið lögð í einelti í ár eða lengur. Hlutfallslega er meira um einelti á unglingastigi en á miðstigi.

Af 63 foreldrum í Vogaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja átján eða 29%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þeim finnst þau örugg „bæði inni og úti“. Þau kannast við einelti og nefna dæmi um það í öllum rýnihópum, en þau segja líka að við því sé brugðist „það er farið yfir þetta allt og það er mikið gert í þessu“. Í einum rýnihópnum kemur fram það mat nemenda að nýta mætti bekkjarfundi og umsjónartíma betur til að ræða mál af þessu tagi. Á unglingastigi tala nemendur um hópaskiptingu, sérstaklega í 9. bekk þar sem einn hópurinn er að þeirra mati „í rugli“.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru góðir, skemmtilegir, útskýra vel og hrósa mikið en þó eru sumir þeirra „erfiðari en aðrir“. Sumir halda ekki athygli krakkanna, kemur líka fram í rýnihópi og best er að kennarar séu „sanngjarnlega strangir“.

Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum svöruðu rúm 76% nemenda að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Vogaskóla í apríl 2010 er skólinn er aðeins yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri en nálægt meðaltali í áhuga á stærðfræði og hefur hvort tveggja aukist frá síðustu mælingu í febrúar. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði og fylgir þeim sveiflum sem verða almennt í svörum nemenda.

- Spurning um sjálfsálit er nálægt landsmeðaltali, svo og spurningar um stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan. Einelti er aftur á móti undir landsmeðaltali.
- Spurningar um skóla og bekkjaranda sýna jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu og fylgja flestar landsmeðalatali nema spurning um aga í tímum sem dalar aðeins og mælist undir landsmeðaltali.
- Foreldrar barna í Vogaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,1 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-10. bekk kemur fram að 7.1% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (4.5%) en stráka (9,8%) og hefur einelti meðal stráka aukist frá fyrra ári.
- 5 nemendur segjast hafa verið lögð í einelti í ár eða lengur.
- Hlutfallslega er meira um einelti á unglíngastigi en á miðstigi.
- Af 63 foreldrum í Vogaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja átján eða 29%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27% (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þeim finnst þau örugg „bæði inni og úti“.
- Nemendur kannast við einelti og nefna dæmi um það í öllum rýnihópum, en þau segja líka að við því sé brugðist „það er farið yfir þetta allt og það er mikið gert í þessu“. Í einum rýnihópnum kemur fram það mat nemenda að nýta mætti bekkjarfundi og umsjónartíma betur til að ræða mál af þessu tagi.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru góðir, skemmtilegir, útskýra vel og hrósa mikið en þó eru sumir þeirra „erfiðari en aðrir“. Sumir halda ekki athygli krakkanna, kemur líka fram í rýnihópi og best er að kennarar séu „sanngjarnlega strangir“.

Stjórn nemendafélags

Í stjórn nemendafélags sitja níu fulltrúar; einn úr hvorum bekk í 8. bekk og einn úr hvorum bekk í 9. bekk og tveir úr hvorum 10. bekknum. Að auki er einn „flakkari“ sem getur komið úr hvaða árgangi sem er, sá sem hefur flest atkvæði þegar 8 fulltrúar hafa verið valdir eins og reglur segja fyrir um. Varamenn verða þeir sem næstir eru kjöri í hverjum árgangi en hlutu ekki kosningu, tveir úr hverjum árgangi.

Forval frambjóðenda fer fyrst fram inn í bekkjum þar sem nemendum gefst kostur á að lýsa yfir áhuga á starfi í nemendaráði en allir eru kjörgengir. Kosið er síðan á milli þeirra nemenda sem ná flestum atkvæðum (samaltals fjórtán nemendur, fjórir úr 8. og 9. bekk og sex úr 10. bekk).

Frambjóðendur fá leiðsögn í ræðugerð og ræðumennsku og hver bekkur útbýr auglýsingaspjöld fyrir frambjóðendur bekkjarins. Frambjóðendur halda síðan ræður, í 2-3 mínútur þar sem þeir sannfæra samnemendur um eigið ágæti. Nemendum í 7. bekk er boðið að hlusta á ræðurnar til að kynna starfinu.

Kosningarnar fara þannig fram að nemendum er skipt í kjördeildir eftir fæðingarmánuðum og í hverri kjördeild starfar einn nemandi ásamt kennara. Í hverri kjördeild eru myndir af frambjóðendum og kjörseðlar. Nemendur halda sérstaka kosningavöku.

Fyrsta virka dag eftir kosningarnar kjósa allir nemendur unglíngadeildar í embætti formanns og varaformanns af þeim fulltrúum 10. bekkjar er náð hafa kjöri.

Tveir félagsgreinakennarar starfa með stjórn nemendafélagsins. Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Buska og starfsmaður Buska situr nemendaráðsfundi. Á föstudögum er fastur fundartími en ráðið hittist oftast eftir þörfum. Fundargerðir eru ekki ritaðar.

Vogaskóli var móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu skólaárið 2004-2005. Markmiðið var m.a. að styrkja lýðræðisvitund nemenda og auka ábyrgð þeirra. Starf nemendafélagsins tekur enn mið af þessum markmiðum og mótastarfið. Stjórnin skipuleggur viðburði í félagslífi nemenda í unglíngadeild og að einhverju marki fyrir miðstigið. Nemendaráð er ekki beint til samráðs um aðra þætti er snúa að innra starfi skólans en skólastjórnendur hafa óskað eftir fulltrúum úr nemendaráði í skólaráðið. Samkvæmt upplýsingum frá félagsgreinakennurum er í bígerð að láta kjósa í skólaráðið.

Á rýnifundi með nemendaráðinu var almenn þátttaka nemenda í félagslífi sögð góð. Töluverð samvinna er á milli skólanna í borgarhlutanum, sérstaklega við Langholtsskóla og Laugalækjaskóla. Þegar rýnifundurinn fór fram var verið að skipuleggja íþróttakeppni félagsmiðstöðva í borgarhluta 2. Fundurinn fór afar vel fram, allir tóku til máls og virtust óhræddir að deila skoðunum sínum. Góð samskipti og virðing milli nemenda og kennara einkenndi fundinn.

Fulltrúar í nemendaráði nefndu eftirfarandi þætti sem sterkustu hliðar skólans; Smæð skólans; allir þekktu alla, virkt lýðræði og nemendaráðskosningar, góð tengsl við kennara og lítill klíkuskapur nemenda, fordómaleysi, lítið einelti og umhyggja fyrir nemendum. Nemendur nefndu eftirfarandi þætti sem það helsta sem mætti betur fara; Matinn, of margir gluggar, kalt væri í skólanum og að ekki væri íþróttahús.

Fyrir heildarmatið var aðgengileg skrifleg samantekt félagsstarfskennara á starfi Nemendafélags Vogaskóla 2009-1010 sem gerir vel grein fyrir starfi og verkefnum nemendaráðsins.

Ábendingar

- Stjórn nemendafélags Vogaskóla er skipuð fulltrúum nemenda úr 8.-10.bekk og er kjörin eftir vel útfærðum lýðræðislegum leiðum sem þróaðar voru í tengslum við móðurskólaverkefni Vogaskóla í nemendalýðræði.
- Stjórnin skipuleggur viðburði í félagslífi nemenda í unglíngadeild og að einhverju marki fyrir miðstigið
- Fulltrúar í skólaráð hafa ekki verið kjörnir af nemendum eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um skólaráð, en samkvæmt upplýsingum frá félagsgreinakennurum stendur það til bóta.

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar í starfsáætlun og í skólanámskrá skólans. Þær hafa nýlega verið endurskoðaðar, m.a. er lögð áhersla á virðingu, kurteisi og tillitssemi, góða umgengni og

stundvísi. Sérstakur kafli er um umgengnisreglur í matsal. Reglurnar uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: Gátlisti um skólareglur). Í kafla um brot á skólareglum er m.a. fjallað um heimild kennara til að vísa nemanda úr tíma. Mætingar eru skráðar í Mentor og nemendur í 5.-10. bekk fá punkta fyrir seinkomur og óheimilar fjarvistir. Í verklagsreglum er tilgreindur fjöldi punkta sem leiðir af sér ákveðin viðbrögð skólans. Einnig er vísað í verklagsreglur Menntasviðs um viðbrögð við agabrotum.

Fram kemur í rýnihópi kennara að vinna við endurskoðun viðurlaga er að hefjast, þeim finnst vanta viðurlög við smærri brotum og skráningu og viðbrögð á yngra stiginu en þar eru margir með hegðunarvanda að mati kennara. Einnig er bent á að skólinn er ekki með samræmt umbunarkerfi. Nefnt er sem kostur að kennarar skipta sér af öllum nemendum og grípa inn í ef eitthvað kemur upp á, enda leggur skólinn mikla áherslu á góða hegðun, segir kennari.

Skólareglur eru kynntar foreldrum í námskynningum og í bekkjum að hausti. Í sumum skólastofum sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum eru skólareglur og/eða bekkjarreglur uppi við. Bekkjarreglur eru byggðar á Olweusarreglum gegn einelti, nemendur vinna með reglurnar og gera þær að sínum.

Nemendur í rýnihópum þekkja einkunnarorð skólans og skólareglur en „það gengur misvel að fara eftir reglunum“, segir einn þeirra. Þeir þekkja líka viðurlögin, hvernig hægt er að vinna sig upp „mínusar fara út og jafnast þegar plúsarnir koma“ og vita hvenær þeir fara til skólastjórans.

Hrós mætti vera meira og markvissara að mati bæði nemenda og starfsmanna í rýnihópum, en samt hefur aukist skilningur á mikilvægi hróssins að mati kennara og því er beitt meira en áður, sjálf segist hún kenna nemendum sínum að hrósa í „jákvæðnihring“.

Kennarar í rýnihópum tala um að vinnufriður sé almennt ágætur en „maður þarf að hafa meira fyrir því að hafa vinnufrið“ og mál sem upp koma eru þyngri en áður, þetta er rakið m.a. til umræðu og ástands í þjóðfélaginu.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 81% svarenda í Vogaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Ábendingar

- Skólareglur eru birtar í skólanámskrá skólans. Þær hafa nýlega verið endurskoðaðar, m.a. er lögð áhersla á virðingu, kurteisi og tillitssemi, góða umgengni og stundvísi.
- Reglurnar uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Skólareglur eru kynntar foreldrum í námskynningum og í bekkjum að hausti. Í sumum skólastofum sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum eru skólareglur og/eða bekkjarreglur uppi við.
- Nemendur í rýnihópum þekkja einkunnarorð skólans og skólareglur en „það gengur misvel að fara eftir reglunum“. Þeir þekkja líka viðurlögin, hvernig hægt er að vinna sig upp „mínusar fara út og jafnast þegar plúsarnir koma“ og vita hvenær þeir fara til skólastjórans.

- Hrós mætti vera meira og markvissara að mati bæði nemenda og starfsmanna í rýnihópum, en samt hefur aukist skilningur á mikilvægi hróssins að mati kennara.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Kennarar í rýnihópum tala um að vinnufriður sé almennt ágætur en „maður þarf að hafa meira fyrir því að hafa vinnufrið“ og mál sem upp koma eru þyngri en áður.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 81% svarenda í Vogaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2009 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Í heildina er fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista hlutfallslega lægri en almennt gerist. Fjarvistir (óheimilar) eru mestar í bekkjum á unglíngastigi og skera sig úr annar 8. bekkurinn og báðir 9. bekkirnir með hlutfallslega miklar fjarvistir.

Ábendingar

- Í heildina er fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista hlutfallslega lægri en almennt gerist.
- Fjarvistir (óheimilar) eru mestar í bekkjum á unglíngastigi og skera sig úr annar 8. bekkurinn og báðir 9. bekkirnir.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svöruðu 65 foreldrar í Vogaskóla könnuninni af 95 í úrtaki, sem er rúmlega 68% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 327 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 20% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður eru þær að 81% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast 39% vera *mjög ánægð*. Ánægja foreldra barna í Vogaskóla mældist 91% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000 en lækkaði í næstu þremur könnunum og var komin í 77% árið 2006. Í könnuninni 2008 fór ánægjan upp á við og aftur í nýjustu mælingunni og er nú 81% eins og áður segir. Á kvarðanum 1 til 5 bætir Vogaskóli við sig 0,2 stigum frá könnuninni 2008, fer úr 3,9 í 4,1. Meðaltalsánægjan í borginni allri með skóla barnanna, er hin sama, þ.e. 4,1. Aðalástæða þess að meðaltalið í Vogaskóla hækkar milli mælinga er að töluvert fleiri segjast nú vera *mjög ánægðir* með skólann miðað við 2008.

Í spurningu um stjórnun skólans segjast 78% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast tæp 40% vera *mjög ánægð*. Ánægjan með stjórnun Vogaskóla hefur farið upp og niður í könnunum sex sem gerðar hafa verið. Árið 2000 var ánægjan mest, eða 93%. Síðan þá hefur ánægjan aukist og minnkað á milli kannana, hækkaði í 81% árið 2008 en fer sem sagt niður í 78% fyrir árið 2010. Breytingin er þó ekki marktæk enda meðalánægjan sú sama nú og var árið 2008, eða 4,1. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 er 4,0 og Vogaskóli því fyrir ofan meðaltal.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna er mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri. Í fjórum af sex spurningum um umsjónarkennarann eru meðaltölin yfir fjórum en spurningarnar tvær sem eru undir fjórum varða báðar upplýsingastreymi frá umsjónarkennurum. Þrátt fyrir góða niðurstöðu eru meðaltal í Vogaskóla þegar kemur að umsjónarkennurum, í fjórum tilvikum af sex undir meðaltölum borgarinnar.

Foreldrar barna í Vogaskóla meta líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,1 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast* vel og reyndar rúmlega það. Meðaltalið í borginni allri er einnig 4,1. Líðan í *kennslustundum* annarsvegar og í *frímínútum* hinsvegar, meta foreldrarnir einnig upp á 4,1 í hvoru tilviki en í borginni allri eru samsvarandi meðaltöl 4,1 og 4,0.

Af öðrum þáttum má nefna að 88% foreldra finnst skólinn kenna börnum sínum íslensku *mjög* eða *frekar vel*, 82% finnst hið sama um kennsluna í lestri, 80% um kennsluna í erlendum tungumálum og 79% finnst skólinn kenna stærðfræði *mjög* eða *frekar vel*. Samanborið við borgina alla eru fyrrnefnd hlutföll í Vogaskóla skóla hærri í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum, en lítið eitt lægri í lestri.

Um 86% svarenda finnst námslegar kröfur sem gerðar eru til barna þeirra *hæfilegar*, 81% finnst aginn *hæfilegur*, og 77% finnst hið sama um heimavinnuna. Í öllum tilvikum er skólinn lítið fyrir ofan eða lítið fyrir neðan samsvarandi hlutföllum borgarinnar.

Af 63 foreldrum í Vogaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja átján eða 29%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. Mikilvægt er að muna að ekki er öruggt að eineltið hafi átt sér stað í tilteknum skóla. Af þessum átján foreldrum segja þrír (18%) að tekið hefði verið *fljótt og vel* á málum af hendi skólans, sex (35%) segja skólanna hafa tekið *vel en ekki nógu fljótt* á málum en átta (47%) svara að *skólinn hefði ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í Vogaskóla varðandi viðbrögð skólans eru hér aðeins lakari en niðurstaðan í borginni.

Sé miðað við könnuna 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni tekið stór stökk upp á við hvað varðar annarsvegar almennt ástand húsnæðis og hinsvegar möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi og risastökk upp á við hvað varðar leikaðstöðu á skólalóð.

Í heildina kemur skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er um og yfir meðaltali í spurningum um skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og kennslu í lestri, íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum. Skólinn er undir meðaltali í spurningu um viðbrögð við einelti.

Foreldrar í rýnihópi segja nú ríkja sátt um skólann og húsnæðið, en þetta hefur verið „löng leið“ í gegnum mikið skilningsleysi og mikið álag á kennara.

Aðgengi að stjórnendum og kennurum er gott að mati rýnihóps foreldra og almennt jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart nemendum.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Í aðgerðaáætlun fyrir

skólaráðið er að finna dagsetningar funda og verkefni hvers fundar. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.

Almennt er leitað eftir álitum skólaráðs og ráðið hefur tækifæri til að koma málum á framfæri að mati rýnihóps foreldra. Almennt leita foreldrar þó ekki til skólaráðsins og þátttakendur í rýnihópi foreldra telja að foreldrar viti ekki hverjir sitja í skólaráðinu.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, haldinn er einn opinn fundur á skólaárinu sem er jafnframt aðalfundur félagsins. Mæting hefur verið slök á fundina og fáir gefa kost á sér til starfa.

Aðstoðarskólastjóri situr fundi með foreldrafélaginu sem ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum og viðburðum í skólastarfinu t.d. í tengslum við jóla og páska og útskrift 10. bekkjar. Virkni foreldrafélagsins þyrfti að vera meiri að mati stjórnenda skólans.

Bekkjjarfulltrúar sjá um samveru foreldra og nemenda eftir bekkjum eða árgöngum og hefur það almennt gengið vel. Að mati foreldra í rýnihópi var virkni foreldrafélagsins meiri áður fyrr og foreldrahópurinn er nú meira að þiggja en gefa og fylgist ekki vel með. Áður virkaði foreldrahópurinn einnig meira sem þrýstihópur en nú er að mati rýnihópsins ekki lengur þörf fyrir það.

Á heimasíðu skólans er sérstök síða fyrir foreldrafélagið með fréttum og fundargerðum og fleiri upplýsingum en flestar þeirra eru frá skólaárinu 2008-2009, þar á meðal um stjórn og bekkjarfulltrúa.

Ábendingar

- Í foreldrakönnun 2010 segjast rúmlega 81% foreldranna vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust 39% vera mjög ánægð.
- Meðaltalsánægja foreldra er 4.1 (af 5) í Vogaskóla sem er jafnt meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 78% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust 40% vera mjög ánægð.
- Ánægja foreldra í Vogaskóla með stjórnunina var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í heildina kemur skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er um og yfir meðaltali í spurningum um skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og kennslu í lestri, íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Ánægja foreldra hefur aukist verulega hvað varðar almennt ástand húsnæðis, möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi og leikaðstöðu á skólalóð frá síðustu foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi segja nú ríkja sátt um skólann og húsnæðið, en þetta hefur verið „löng leið“ í gegnum mikið skilningsleysi og mikið álag á kennara.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjú fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Í aðgerðaáætlun fyrir skólaráðið er að finna dagsetningar funda og verkefni hvers fundar. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.

- Foreldrafélag er starfandi við skólann, haldinn er einn opinn fundur á skólaárinu sem er jafnframt aðalfundur félagsins. Mæting hefur verið slök á fundina og fáir gefa kost á sér til starfa.
- Á heimasíðu skólans er sérstök síða fyrir foreldrafélagið með fréttum og fundargerðum og fleiri upplýsingum en flestar þeirra eru frá skólaárinu 2008-2009, þar á meðal um stjórn og bekkjarfulltrúa.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar í Mentor, upplýsingar um heimanám og fleira. Heimasíðan er einnig virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, þó þeir hafi efasemdir um að upplýsingar þar séu lesnar gaumgæfilega. Sú rödd heyrir í rýnihópi foreldra að kennarar ættu að láta oftara vita hvernig gengur almennt í bekknum, hvort sem er vel eða illa.

Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með samskipti við skólann og kennara og gott aðgengi að þeim. Í foreldrakönnun 2010 sögðust tæp 82% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru 40% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,1 í spurningunni, sem er jafnt meðaltali í Reykjavík.

Í handbók starfsmanna fyrir skólaárið 2009-2010 er kafli um samstarf heimila og skóla. Þar kemur fram að á skólaárinu verði lögð sérstök áhersla á að stuðla að góðu samstarfi og auka þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu. Taldar eru upp ýmsar leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði, m.a. tveir foreldradagar að vetri og að bekkjarfulltrúar taki virkan þátt í að skipuleggja bekkjarkvöld í starfi einstakra bekkja eða árganga (Skólanámskrá, handbók starfsmanna).

Það er mat kennaranna að upplýsingaflæði sé mikið og samskipti við foreldra almennt góð og mat stjórnenda að kennarar séu duglegir að veita foreldrum upplýsingar um skólastarfið og nám nemenda.

Ábendingar

- Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar í Mentor, fréttabréf frá kennurum, upplýsingar um heimanám og fleira.
- Heimasíðan er einnig virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, þó þeir hafi efasemdir um að upplýsingar þar séu lesnar gaumgæfilega.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust tæp 82% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru 40% mjög ánægð.
- Í handbók starfsmanna fyrir skólaárið 2009-2010 er kafli um samstarf heimila og skóla. Þar kemur fram að á skólaárinu verði lögð sérstök áhersla á að stuðla að góðu samstarfi og auka þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu.
- Það er mat kennaranna að upplýsingaflæði sé mikið og samskipti við foreldra almennt góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Meðal markmiða í stefnu Vogaskóla er að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla verði á fjölbreytt námstækifæri, að nemendur taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi og að þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda.

Í handbók kennara er gátlisti fyrir kennara þar sem minnt er á að huga að fjölbreyttum kennsluáðferðum og nota áhersluþætti skólans sem eru; gagnvirkur lestur, Klim-samvinnuáðferð, hugarkort og söguáðferð. Einnig er minnt á fjölbreytt námsmat og samvinnu milli árganga og greina.

Í námsáætlunum greina og árganga er sérstakur kafli um kennsluhætti. Í flestum áætlunum eru tilgreindar fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu en mismikið útfært eftir greinum og árgöngum. Í yngri bekkjum eru oftast tilgreindar fjölbreyttar leiðir og þær sem áhersla er á í stefnu skólans en á miðstigi og unglingastigi er lýsing á kennsluháttum almennt knappari og oftast nefndir fyrirlestrar eða innlagnir, einstaklings- eða hópvinna. Dæmi eru um mjög greinargóðar lýsingar á kennsluháttum í einstökum greinum á öllum aldursstigum.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru. Fjölbreyttust voru vinnubrögðin á yngsta stigi. Á miðstigi voru algengustu vinnubrögðin verkefnavinna undir stjórn kennara og í unglingadeild til jafns innlögn og umræður og svo verkefnavinna um stjórn kennara (sjá fylgiskjal – vettvangsathuganir).

List- og verkgreinar: Myndmennt og heimilisfræði eru kenndar í lotum 9-14 vikur í senn fyrir hvern hóp í 1.-8. bekk, textílmennt bætist við í 2. bekk og hönnun og smíði í 4. bekk. Tónmennt er á stundatöflu tvisvar í viku hjá 1.-5. bekk og einu sinni í viku hjá 6. bekk. Í 9.-10. bekk eru list- og verkgreinar valgreinar. Íþróttir eru kenndar 2 tíma í viku og sund hálfan veturinn fyrir alla árganga. Í námsáætlunum verklegra greina kemur víða fram að námið er einstaklingsmiðað og nemendur vinna eftir eigin getu og hraða.

Skólasafn: Aðstaðan er miðsvæðis í skólanum í nýju byggingunni ásamt tölvuveri og myndar þannig upplýsingaver skólans. Safnið virðist vel búið bókum og gögnum. Ekki koma fram í skólanámskrá upplýsingar um safnið eða hvernig það er nýtt í skólastarfinu. Í námsáætlun fyrir upplýsinga- og tæknimennt kemur fram að kennslan fer fram í bókasafni að hluta.

Valgreinar: Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 9. -10. bekk, alls 12 námskeið og eru flest þeirra list- og verkgreinatengd. Frjálst val nemenda er 6 stundir. Nemendur sem stunda tónlistarnám, myndlistanáms og ýmsar íþróttir geta sótt um að fá það metið sem valgrein. Nemendum hefur einnig staðið til boða fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla en óljóst er um framhald á því. Verið er að kanna hvort nemendur í unglingadeildum geta tekið áfanga við Menntaskólann við Sund á næsta skólaári og þá helst í verklegum greinum og tungumálum.

Námsmat

Í starfsáætlun skólans er fjallað um námsmat og tilgreint þrjúþætt markmið námsmatsins: Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, að auka ábyrgð foreldra á námi barna sinna og að gefa sem bestar upplýsingar um stöðu nemandans þannig að þær nýtist nemendum,

foreldrum/forráðamönnum og kennurum til að gera úrbætur ef þörf er á (Starfsáætlun Vogaskóla, námsmat).

Á yngsta stigi er lögð áhersla á matslista í stað einkunna og fara þeir heim í námsmatsmöppu tvisvar á ári í janúar og maí. Sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir með aðstoð forráðamanna fer heim í október og mars ásamt kennaramati þar sem umsjónarkennarinn metur nemandann.

Í 5.-10. bekk fá nemendur annareinkunn í janúar og júní. Í bóklegum greinum samanstendur annareinkunn af vinnu- og safneinkunn og í verkgreinum fá nemendur vinnueinkunn. Safneinkunn er samansafn af einkunnum úr ýmsum prófum, kynningum og ritgerðum. Auk þess er sjálfsmat nemenda og mat foreldra.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í skipulagsstoðinni og námsumhverfisstoðinni (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi, en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur þó fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námi, í lotukerfi í íslensku á unglingastigi áætla nemendur einkunn sína fyrir lotuna og verða að endurtaka ef þeir ná henni ekki, einnig leggja nemendur mat á eigin stöðu í námi í samvinnu við foreldra sína.

Hjá kennara kemur fram að mikil umræða hefur verið í skólanum um nám og námsmat undanfarin ár, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Leiðin sem nú er valin er innlögn fyrir hópinn og síðan víkkar hver og einn sinn skilning og verkefni geta verið miskrefjandi. Henni hugnast ekki sá skilningur að einstaklingsmiðað nám þýði að „hver og einn sitji með sitt verkefni í sínu horni að vinna“. Mestar breytingar hafa orðið á yngsta stiginu að mati kennarans.

Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir



Alls var farið í heimsókn í 32 kennslustundir í 1.-10. bekk og þar af 27 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá meðfylgjandi fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).

Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 63% og 7% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 30% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3), engin þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi (súla 4). Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Ábendingar

- Meðal markmiða í stefnu Vogaskóla er að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla verði á fjölbreytt námstækifæri, að nemendur taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi og að þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda.
- Í námsáætlunum greina og árganga er sérstakur kafli um kennsluhætti. Í flestum áætlunum eru tilgreindir fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu en mismikið útfært eftir greinum og árgöngum.
- Í yngri bekkjum eru oftast tilgreindar fjölbreyttar leiðir og þær sem áhersla er á í stefnu skólans en á miðstigi og unglingastigi er lýsing á kennsluháttum almennt knappari.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru.
- Fjölbreyttust voru vinnubrögðin á yngsta stigi. Á miðstigi voru algengustu vinnubrögðin verkefnavinna undir stjórn kennara og í unglingadeild til jafns innlög og umræður og svo verkefnavinna um stjórn kennara
- List- og verkgreinar í 1.-8. bekk eru kenndar í lotum yfir skólaárið en tónmennt allt skólaárið 2 tíma í viku í 1.-5. bekk og 1 tíma í 6. bekk. Á unglingastigi er þessar greinar í boði sem val.
- Skólasafn er miðsvæðis í skólanum í nýju byggingunni ásamt tölvuveri og myndar þannig upplýsingaver skólans. Safnið virðist vel búið bókum og gögnum. Ekki koma fram í skólanámskrá upplýsingar um safnið eða hvernig það er nýtt í skólastarfinu.
- Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 9. -10. bekk, alls 12 námskeið og eru flest þeirra list- og verkgreinatengd. Frjálst val nemenda er 6 stundir.
- Námsmat: Á yngsta stigi er lögð áhersla á matslista í stað einkunna, sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir með aðstoð forráðamanna ásamt kennaramati þar sem umsjónarkennarinn metur nemandann. Í 5.-10. bekk fá nemendur annareinkunn í janúar og júní. Auk þess er sjálfsmat nemenda og mat foreldra.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í skipulagsstoðinni og námsumhverfisstoðinni.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi, en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur þó fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námi.
- Hjá kennara kemur fram að mikil umræða hefur verið í skólanum um nám og námsmat undanfarin ár, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám.

- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum teljast góðar eða 63% og 7% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Námsver Vogaskóla hefur að leiðarljósi hugmyndafræði um skóla fyrir alla þar sem nám við hæfi er í forgrunni. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um sérkennslu og nýbúakennslu, sinnir greiningu og sér um fyrirlögn ýmissa greiningarprófa. Hún leiðbeinir stuðningsfulltrúum í starfi og skipuleggur störf þeirra í samráði við umsjónarkennara og stýrir nemendaverndarráðsfundum (Handbók kennara – úr starfslýsingum). Deildarstjóri hefur aðstöðu inn af námsveri, aðgengi að henni gott að mati rýnihóps sérkennara og hún fundar með sérkennurum, hverjum og einum eftir þörfum fremur en með hópnum. Í rýnihópi um sérkennslu kemur fram ánægja með þessa tilhögun.

Aðstaða og aðbúnaður

Skólahúsið er nýtt og „það þurfti að þróa ýmislegt þegar þetta rými var tekið til notkunar“. Námsverið er of lítið að mati rýnihóps sérkennslu, „það koma krakkar úr 1.-10. bekk og við komum aðeins 9 nemendum fyrir“.

Skólinn er ágætlega búinn gögnum en tölvubúnaður er orðinn heldur slakur að mati rýnihópsins.

Ekki hafa verið mikið fötluð börn í skólanum, lyfta er fyrir hendi en þyrfti að bæta aðstöðuna ef til þess kæmi.

Helstu athugasemdir rýnihóps um aðbúnað varða stóla í kennslurýmum „það er hægt að snúa sér í hringi á stólunum og það hafa margir puttar klemmst“. Auk þess er loftræstingin víða léleg og varla hægt að kenna á vorin og haustin að mati sérkennara í rýnihópi.

Viðhorf og líðan:

Það er mikil umhyggja almennt í skólanum gagnvart nemendum, námsverið er ekki notað sem „grýla“ sem er ástæðan fyrir því að þetta er eftirsóknarvert athvarf, segir í rýnihópi. Þetta er breyting frá því sem áður var, þá „vildu krakkarnir ekki tala við okkur, sérkennslan var tabú þegar nemendur voru teknir út úr tíma“. Eftir því sem nemendurnir eldast er erfiðara að fara út úr hópnum í sérkennslu en það eftirsótt fyrir yngri hópinn að komast í hvíld, segir í rýnihópnum.

Skipulag og úrræði:

Sérkennsla er einkum veitt þeim sem þurfa sérstakan stuðning í lestri, íslensku og/eða stærðfræði. Sérkennslan er ýmist veitt inni í bekk eða í hóptímum í námsveri skólans, leitast er við að veita fremur stuðning inni í bekk (Starfsáætlun Vogaskóla – námsver).

Í starfsáætlun skólans kemur fram að leitast er við að nemendur fái stuðning inni í bekk frekar en að vera teknir út í sérkennslu. Kjarni tíma í námsveri er fastur, en „aðrir koma inn ef það er pláss“, segir í rýnihópi.

Tímum í sérkennslunni fer fækkandi, segir í rýnihópnum, það er minni tími fyrir sérkennslu inni á svæðinu og of margir nemendur fá ekki stuðning að þeirra mati, „það vantar meiri pening og fleira fólk“⁵. Einnig er nefnt að skólinn hafi tekið við erfiðum nemendum frá öðrum skólum sem geri erfitt fyrir að sinna öllum sem skyldi. Hegðunarvandamál eru alltaf erfiðust, að mati rýnihópsins en það hafa verið haldin námskeið fyrir nemendur á yngra stigi með hegðunarvandamál.

Skimanir og samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í öllum árgöngum til að kanna stöðu nemenda, þetta kemur fram í starfsáætlun og handbók kennara. Deildarstjóri sérkennslu, kennarar í námsveri og umsjónarkennarar vinna með niðurstöður skimana og grípa inn í eftir þörfum. Kennarar meta í samstarfi við sérkennara hverjir þurfa aðstoð, valið er byggt á prófum, læsisprófum, talnalykli og samræmdum prófum og skýrslum sálfræðinga.

Deildarstjóri sérkennslu sér um að einstaklingsáætlanir séu gerðar með einstökum nemendum og í samstarfi við foreldra og umsjónakennara.

Upplýsingaflæði – samskipti

Upplýsingaflæði er gott að mati rýnihóps um sérkennslu og „við þöllum vel upp á samvinnu okkar á milli“. Samskiptabækur eru algengar á yngsta stiginu, umsjónarkennari gefur stjórnur í samstarfi við deildarstjóra sérkennslu.

Mikil samskipti eru við foreldra, „við reynum að leysa flest í gegnum tölvupósta en það þarf að hittast oft út af sumum nemendum“.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Samstarf við þjónustumiðstöð er mjög gott að mati rýnihóps um sérkennslu, „það virkar vel að hafa utanaðkomandi aðila sem hefur aðra sýn á málin“. Einnig er nefnt að skólinn hefur aðgang að frábærum hjúkrunarfræðingi.

Lausnarþeymi er starfandi við skólann, í teyminu eru fastir starfsmenn, deildarstjóri sérkennslu og deildarstjóri á yngra og eldra stigi. Unnið er eftir ákveðnu ferli og hefur það gefist vel.

Námsráðgjafi í 50% starfi hefur það hlutverk að vinna með nemendum, forráðamönnum og kennurum og öðrum sérfræðingum innan og utan skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Hann situr nemendaverndarráðsfundum skólans og veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðir þá um nám, störf og atvinnulíf. Allir nemendur eiga kost á að nýta sér þjónustu námsráðgjafa (Handbók kennara – úr starfslýsingum).

Nemendaverndarráð starfar í samræmi við grunnskólalög og reglugerð. Það fundar vikulega á starfstíma skólans. Í ráðinu sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur.

Ábendingar

- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um sérkennslu og nýbúakennslu, sinnir greiningu og sér um fyrirlögn ýmissa greiningarprófa.

⁵ Algengur misskilningur er að dregið hafi verið úr framlögum til sérkennslu á síðustu árum. Þetta er ekki rétt heldur hafa framlögin staðið óbreytt. Almennur samdráttur getur aftur á móti hafa haft áhrif á það fjármagn sem skólinn setur í þennan þátt starfsins.

- Námsver Vogaskóla hefur að leiðarljósi hugmyndafræði um skóla fyrir alla þar sem nám við hæfi er í forgrunni
- Skólahúsið er nýtt og „það þurfti að þróa ýmislegt þegar þetta rými var tekið til notkunar“. Námsverið er of lítið að mati rýnihóps sérkennslu
- Skólinn er ágætlega búinn gögnum en tölvubúnaður er orðinn heldur slakur, að mati rýnihópsins.
- Sérkennsla er einkum veitt þeim sem þurfa sérstakan stuðning í lestri, íslensku og/eða stærðfræði. Sérkennslan er ýmist veitt inni í bekk eða í hóptímum í námsveri skólans, leitast er við að veita fremur stuðning inni í bekk
- Tímum í sérkennslunni fer fækkandi, segir í rýnihópnum, það er minni tími fyrir sérkennslu inni á svæðinu og of margir nemendur fá ekki stuðning að þeirra mati
- Skímanir og samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í öllum árgöngum til að kanna stöðu nemenda, kennarar meta í samstarfi við sérkennara hverjir þurfa aðstoð.
- Deildarstjóri sérkennslu sér um að einstaklingsáætlanir séu gerðar með einstökum nemendum og í samstarfi við foreldra og umsjónakennara.
- Upplýsingaflæði er gott að mati rýnihóps um sérkennslu og „við þössum vel upp á samvinnu okkar á milli“. Mikil samskipti eru við foreldra.
- Samstarf við þjónustumiðstöð er mjög gott að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Námsráðgjafi er í 50% starfi hefur m.a. það hlutverk að vinna með nemendum að því er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum þeirra.
- Nemendaverndarráð starfar í samræmi við grunnskólalög og reglur um ráðið. Það fundar vikulega á starfstíma skólans.

Skólaþróun og mat

Á árunum 2002-2005 var unnið að þróun einstaklingsmiðaðs náms í Vogaskóla á grunni kenninga um „skóla sem lærir“ (Professional Learning Community) og fékk skólinn styrk úr þróunarsjóði grunnskóla til þess verkefnis og síðan 2005 viðbótarstyrk til að endurskoða námsmat út frá einstaklingsmiðuðu námi (Sjálfsmatsskýrsla Vogaskóla).

Vogaskóli var móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu á árunum 2004-2006. Þess sér stað í nemendastarfi og í sérstakri umfjöllun um þessa þætti í skólanámskrá skólans. Lífsleikniáætlun hefur það meginmarkmið að stuðla að góðri líðan nemenda og efla samskiptahæfni þeirra, Þetta er gert með því að styrkja sjálfsmýnd nemenda og veita þeim fræðslu til sjálfsþekkingar, til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og til að gera sér grein fyrir gildum og verðmætumati. Í mannréttinda- og jafnréttisáætlun segir að unnið skuli í anda mannréttinda og jafnréttis í öllu skólastarfinu, fræðsla um jafnrétti og mannréttindi er samvinnuð öðrum kennslugreinum. Þessar áherslur endurspeglast í námsáætlunum í lífsleikni og samfélagsgreinum.

Haustið 2007 fengu kennarar við Vogaskóla styrk til að vinna að heildstæðri lestrarstefnu við skólann með það að markmiði að ákveðið flæði skapist milli allra árganga og að nemendur læri lestur alla skólagönguna. Lestrarstefnan sem mótuð var hefur tekið gildi í skólanum og er unnið eftir henni að samfelli í lestri frá 1.-10. bekk (Sjálfsmatsskýrsla Vogaskóla).

Mikil umræða um nám og námsmat, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám hefur farið fram í skólanum undanfarin ár, segir kennari og að hans mati er skólinn duglegur að „pikka upp eitthvað nýtt“ og nefnir sem dæmi að fjórir kennarar fóru á námskeið um hugmyndafræði í

kennslu sem er kennd við Ardleigh Green. Þróun í kennsluháttum hefur þó orðið meiri á yngri stigum en eldri.

Sjálfsmatsskýrsla, umbóta- og þróunaráætlun Vogaskóla 2007-2010 liggur fyrir við matið. Á grundvelli styrk- og veikleikagreiningar í sjálfsmatinu voru ákveðnir umbótaþættir og sett fram þróunaráætlun fyrir árin 2007-2010. Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 er unnið að 9 umbótaþáttum í þremur víddum, undir skólastarfi eru verkefni sem snúa að sterkri og sjálfstæðri sjálfsmynd nemenda, ábyrgð nemenda á eignin hegðum og skólaumhverfi og góðri samvinnu við heimilin. Undir verklagsviddinni eru verkefni; fjölbreytni í kennslu og námsmati, vinna með gildi skólans, samskipti við grenndarsamfélagið, að efla samskipti heimila og skóla og að skólanámskrá verði skýr og aðgengileg. Á fjármálaviddinni er umbótaverkefnið að standast fjárhagsáætlun. Í Balanced Scorecard eru þessi verkefni nánar útfærð með aðgerðum og mælikvörðum.

Ábendingar

- Á árunum 2002-2005 var unnið að þróun einstaklingsmiðaðs náms í Vogaskóla á grunni kenninga um „skóla sem lærir“
- Vogaskóli var móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu á árunum 2004-2006. Þess sér stað í nemendastarfi og í sérstakri umfjöllun um þessa þætti í skólanámskrá skólans.
- Haustið 2007 fengu kennarar við Vogaskóla styrk til að vinna að heildstæðri lestrarstefnu við skólann með það að markmiði að ákveðið flæði skapist milli allra árganga og að nemendur læri lestur alla skólagönguna.
- Mikil umræða um nám og námsmat, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám hefur farið fram í skólanum undanfarin ár, segir kennari og að hans mati er skólinn duglegur að „pikka upp eitthvað nýtt“.
- Sjálfsmatsskýrsla, umbóta- og þróunaráætlun Vogaskóla 2007-2010 liggur fyrir við matið.
- Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 er unnið að 9 umbótaþáttum í þremur víddum. Í Balanced Scorecard eru þessi verkefni nánar útfærð með aðgerðum og mælikvörðum.

Virk upplýsingamiðlun

Skólanámskrá og námsáætlanir

Skólanámskrá Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins, s.s. stefnu skólans, fjölmenningu, stoðkerfi, námsáætlunum o.fl.

Markmið námsgreina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.

Í hverri námsgrein koma fram markmið sem unnið er að, lýsing á kennslunni og fjöldi kennslustunda, námsefni/ námsgögn, kennsluhættir og námsmat og svo hvernig námsefni eða áherslur skiptast á tímabilið eftir vikum eða mánuðum. Í flestum námsgreinum eru mjög greinargóðar upplýsingar um markmið, kennsluhætti og einstök verkefni nemenda svo og um

námsmat. Tengsl við almenna stefnu skólans um nám við hæfi og einstaklingsmiðað námsmat koma víða fram, sértaklega á yngra stigi.

Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í um nám sitt en einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.

Námsáætlanir hvers árgangs og hvernar greinar fyrir önnina eru birtar á heimasíðu skólans. Þær eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.

Heimasíða

Heimasíða Vogaskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega en ýmsar upplýsingar vantar sem þar eiga að vera, m.a. grunnupplýsingar um skólann (krækja virðist óvirk), þ.m.t. stefnu skólans og starfsáætlun. Síðan virðist vera í vinnslu og brýnt að ljúka þeirri vinnu þannig að hún verði sú upplýsingaveita fyrir foreldra sem hún á að vera.

Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og einnig eru upplýsingar um skólaráð, svo og foreldrafélagið og starfsemi þess.

Upplýsingar vantar um mat á skólastarfi og þróunarstarf í skólanum, einnig um sérkennslu, móttöku nýbúa og um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Skólanámskrá Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins, s.s. stefnu skólans, fjölmenningu, stoðkerfi, námsáætlunum o.fl.
- Markmið námsgreina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram markmið sem unnið er að, lýsing á kennslunni og fjöldi kennslustunda, námsefni/ námsgögn, kennsluhættir og námsmat og svo hvernig námsefni eða áherslur skiptast á tímabilið eftir vikum eða mánuðum. Í flestum námsgreinum eru mjög greinargóðar upplýsingar um markmið, kennsluhætti og einstök verkefni nemenda svo og um námsmat.
- Námsáætlanir hvers árgangs og hvernar greinar fyrir önnina eru birtar á heimasíðu skólans. Þær eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Heimasíða Vogaskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega en ýmsar upplýsingar vantar sem þar eiga að vera, m.a. grunnupplýsingar um skólann.
- Upplýsingar vantar um mat á skólastarfi og þróunarstarf í skólanum, einnig um sérkennslu, móttöku nýbúa og um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Unnið er að því að móta umhverfisstefnu eða umhverfissáttmála Vogaskóla með það að leiðarljósi að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins (Starfsáætlun Vogaskóla 2009-2010).

Útikennsla er hluti af námi nemenda í 3. og 7. bekk en ekki í öðrum árgöngum miðað við upplýsingar í námsáætlunum.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.

Áhættumat hefur farið fram og síðast árið 2008 fór gæðaráð (skólans) yfir öryggisþætti með vinnuumhverfissvísi Vinnueftirlitsins. Þar kemur fram að allir þættir sem við eiga í vinnuumhverfi skólans teljast vera í lagi. Bent er á nauðsyn þess að endurtaka yfirferð á öryggisþáttum eftir að ný bygging hefur verið tekin í notkun. Skólastjóri fundar með öryggisteymi tvisvar á ári, í því sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarverðir skólans. Einnig er farið yfir öryggismál á fundi með skólaráði einu sinni á ári.

Ábendingar

- Unnið er að því að móta umhverfisstefnu eða umhverfissáttmála Vogaskóla með það að leiðarljósi að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.
- Útikennsla er hluti af námi nemenda í 3. og 7. bekk en ekki í öðrum árgöngum miðað við upplýsingar í námsáætlunum.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat hefur farið fram og síðast árið 2008 fór gæðaráð (skólans) yfir öryggisþætti með vinnuumhverfissvísi Vinnueftirlitsins. Þar kemur fram að allir þættir sem við eiga í vinnuumhverfi skólans teljast vera í lagi.
- Skólastjóri fundar með öryggisteymi tvisvar á ári, í því sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarverðir skólans. Einnig er farið yfir öryggismál á fundi með skólaráði einu sinni á ári.
- Bent er á nauðsyn þess að endurtaka yfirferð á öryggisþáttum eftir að ný bygging hefur verið tekin í notkun.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 48 starfsmenn skólaárið 2009-2010 í 45,8 stöðugildum, þar af kennarar í 28 stöðugildum.

Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“ gildið 4,38 í Vogaskóla sem er á styrkleikabili og ofar heildarmeðaltali grunnskóla borgarinnar (4,27)⁶. Heildarstarfsánægja í Vogaskóla hækkaði milli ára 2008 og 2009 (var 3,71). Spurningin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 4,47 sem er ofar heildarmeðaltali (4,33). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2009 var 80%.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að góður starfsandi væri á vinnustaðnum, fólki liði þar almennt vel og starfið einkenndist af umhyggju, hlýju og virðingu. Viðhorfin væru lausnarmiðuð og vel væri tekið á móti nýju starfsfólki. Stöðugleiki hefði verið í starfsmannahaldi og mikil nálægð nemenda og starfsmanna vegna stærðar skólans. Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2009 svaraði enginn því játandi að hafa orðið fyrir áreitni eða einelti af hálfu samstarfsfólks.

Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans nefndi fólk góðan og metnaðarfullan starfsmannahóp, jákvætt andrúmsloft, faglegt starf og staðsetningu skólans. Einnig var talað um að gamlar og grónar hefðir hefðu verið hafðar í heiðri og fram kom ánægja með mótuneytið. Almennt taldi fólk stöðu skólans í hverfinu vera sterka.

Fólk var einnig beðið að nefna það sem betur mætti fara og komu þá fram ábendingar um að ekki væri nægilegt samráð við kennara, þeir vildu fá að taka meiri þátt í ákvörðunum, s.s. vegna skóladagatals og þemaviku. Það kom fram að hópastærðir væri óheppilegar og viðbrögð við agavandamálum mættu vera markvissari. Almennt kom fram að þetta skólaár væri búið að vera sérstaklega þungt og mörg erfið nemendamál komið upp.

Samstarf

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4,28 sem er á styrkleikabili. Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ mælist einnig á styrkleikabili.

Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og stigsfundum. Tveir til þrír kennarar eru samábyrgir fyrir nemendum innan árgangs.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni til tvisvar í mánuði á móti kennarafundum og sömuleiðis deildafundir með kennurum og sérkennurum og stuðningsfulltrúum. List- og verkgreinakennarar funda saman mánaðarlega. Kennarar í árgangi hafa nána samvinnu, undirbúa og skipuleggja kennsluna saman og skipta með sér verkum.

⁶ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að fundartímum hefði verið fækkað að ósk starfsmanna og stigsfundum hefði því fækkað. Einnig kom fram að ekki væri mikið samstarf á milli stiga. Starfsmenn lýstu því þó að hópurinn væri þéttur og að auðvelt væri að sækja stuðning til samstarfsmanna ef á þyrfti að halda.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 77% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og tæp 66% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði .

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“ gildið 4,38 í Vogaskóla sem er á styrkleikabili og ofar heildarmeðaltali grunnskóla borgarinnar (4,27)
- Heildarstarfsánægja mældist meiri vorið 2009 en árið á undan.
- Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2009 svaraði enginn því játandi að hafa orðið fyrir áreitni eða einelti af hálfu samstarfsfólks.
- Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans nefndi fólk góðan og metnaðarfullan starfsmannahóp, jákvætt andrúmsloft, faglegt starf og staðsetningu skólans.
- Ábendingar um það sem betur mætti fara snéru helst að því að ekki væri nægilegt samráð við kennara, þeir vildu fá að taka meiri þátt í ákvörðunum, s.s. vegna skóladagatala og þemaviku. Það kom fram að hópastærðir væri óheppilegar og viðbrögð við agavandamálum mættu vera markvissari.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og stigsfundum. Tveir til þrjú kennarar eru samábyrgir fyrir nemendum innan árgangs.
- Kennarar í árgangi hafa nána samvinnu, undirbúa og skipuleggja kennsluna saman og skipta með sér verkum.
- Starfsmenn lýstu því þó að hópurinn væri þéttur og að auðvelt væri að sækja stuðning til samstarfsmanna ef á þyrfti að halda.
-

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ á styrkleikabili en um 87% svarenda voru þessari fullyrðingu sammála. Um 71% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“.

Kennarar í rýnihópum nefna að þeir hafi og fái þau tæki og gögn sem þeir þurfa. Mikill aðstöðumunur er á milli eldra og nýrra húss að þeirra mati, en þó vildu þeir sem eru í eldra húsi ekki skipta og vera í opna rýminu. Kennarar í nýju byggingunni eru ánægðari eftir að settir voru veggir til að stúka sundur opnu rýmin, „eftir að glerið kom og árgangar eru saman er þetta betra“, segir kennari og jafnframt að hún vildi ekki fara aftur til baka í bekkjarstofu. „Húsið er fallett og bjart og lítur vel út“, og heimilisfræðistofan „er fullkomin“, en kennarar eru þó gagnrýnir á húsnæðið; loftræstingu „illa hægt að lofta út og ekki hægt að opna glugga“, hljóðvistina og nýtingu salarins sem að þeirra mati truflar kennslu á annarri hæðinni.

Kennarar lýsa einnig óánægju með val á húsgögnum í nýju bygginguna, aðstaða fyrir fót nemenda væri illa hönnuð en sérstaklega með stólana „sem snúast og krakkar eru að hækka og lækka á fullu“, þeir hefðu viljað vera með í ráðum þegar húsgögn voru valin.

Kennarar hafa vinnuaðstöðu í stofum sínum og líkar það vel en kvarta yfir að langt sé í prentara og ljósritun og kennaratölvur gamlar og hægvirkar. Einnig kom fram að bókakostur á safninu væri lélegur. Almennu voru starfsmenn ánægðari með húsnæðið eftir að því var lokað meira. Það kom fram að það væri til bóta að hafa gardínur sem hægt væri að draga niður ofan frá og að eitthvað af glerinu yrði sandblásið þannig að nemendur trufluðust ekki eins af umhverfinu. Eins kom fram óánægja með starfsaðstöðu skólaritara sem er sögð mjög opin og því fylgi mikið áreiti.

Ábendingar

- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælast viðhorf starfsmanna gagnvart tækifærum til símenntunar aðeins jákvæðari en árið áður.

Skólinn fékk gildið 3,95 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ sem er aðeins lægra en heildarmeðaltalsgildi MSR (4,04). Gildi fullyrðingarinnar um gagnsemi símenntunar „Sú símenntun (fræðsla eða þjálfun) sem ég hef fengið nýtist vel í starfi“ var nálægt meðaltali allra grunnskóla (3,81) og hækkaði frá fyrra ári. Tæplega þriðjungur starfsmanna svarar þó hvorki né við spurningu um hvort símenntun hafi gagnast. Fullyrðingin „Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fékk gildið 3,54 sem er aðeins hærra en heildarmeðaltalsgildi MSR (3,44) og hækkaði mikið frá 2008 (2,86).

Símenntunaráætlun 2009-2010 liggur fyrir við matið og tengist hún markmiðum er sett hafa verið í umbótaáætlun. Lögð er megináhersla á lestur, lífsleikni- og jafnréttisfræðslu, kannanir og sjálfsmat og fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti. Áætlunin nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð skilgreind.

Rætt var um símenntun í tveimur rýnihópum og var sú umræða jákvæð. Almennir starfsmenn sögðust hafa sótt símenntun á Menntasvið og fengið aðra símenntun sem viðkemur starfinu í skólanum, s.s. skyndihjálpi. Kennarar voru líka jákvæðir gagnvart símenntun, sögðu að ýmist væru námskeið í skólanum eða þau væru sótt út fyrir skólann. Stjórnendur væri hvetjandi og ýttu undir að kennarar fengju tækifæri til símenntunar.

Í viðhorfakönnuninni 2009 höfðu 90% þeirra sem svöruðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum. Viðhorf til gagnsemi samtalanna mældist lægri en að meðaltali í grunnskólum (3,43 miðað við meðaltalið 3,62). Um 49% svarenda töldu samtölin frekar eða mjög gagnleg en um 43% svarenda telja samtölin vera hvorki gagnleg né ógagnleg.

Skólastjórnendur hafa skipt á milli sín starfsþróunarsamtölum. Í rýnihópum komu almennt fram jákvæð sjónarmið gagnvart samtölunum, þau voru sögð vel undirbúin og mun markvissari nú en þegar þau byrjuðu. Það kom fram að það væri einnig mikið undir starfsmönnum komið hvernig þeir nýttu samtölin.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun 2009 fékk skólinn gildið 3,95 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ sem er aðeins lægra heildarmeðaltalsgildi MSR (4,04).
- Tæplega þriðjungur starfsmanna svarar þó hvorki né við spurningu um hvort símenntun hafi gagnast í starfi.
- Símenntunaráætlun skólans nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð og skilgreind.
- Umræða í rýnihópum var jákvæð gagnvart símenntun.
- Vorið 2009 höfðu 90% svarenda viðhorfakönnunar farið í starfsþróunarsamtal. Um 43% svarenda töldu samtölin hvorki gagnleg né ógagnleg.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ svipað gildi í Vogaskóla og almennt á MSR (4,03 miðað við 4,02 heildarmeðaltalsgildi). Um 83% svarenda voru sammála fullyrðingunni.

Viðhorf til trausts til næsta yfirmanns mældist aðeins lægra en að meðaltali (gildið 4,13 miðað við heildarmeðaltalsgildið 4,29) og gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann mældist nálægt á styrkleikabili, 4,18. Fullyrðingin „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ fékk gildið 4,23 og hækkaði mikið frá fyrra ári (3,62). Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu mældust á starfhæfu bili. Fullyrðingin „Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf“ fær gildið 3,80 sem er aðeins lægra en heildarmeðaltalið (3,93 er heildarmeðaltal MSR) og fullyrðingin „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ fékk gildið 3,70 sem er fyrir neðan meðaltal (3,95). Um 73% starfsmanna voru sammála því að rætt hafi verið við viðkomandi um frammistöðu í starfi á sl. 6 mánuðum (35,6). Fullyrðingin „Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni mínum og samstarfsfólki“ mældist á styrkleikabili (4,20) og hækkaði mikið frá fyrra ári (3,47). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ fékk gildið 4,08. Þá mældist fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ með gildið 3,85 sem var hærra en heildarmeðaltali MSR (3,66).

Í rýnihópum og viðtölum komu fram jákvæð viðhorf gagnvart stjórnendum skólans. Kennarar segjast leita mikið til deildarstjóra en sögðust finna aukið álag á þeim eftir að þeim fækkaði. Það kom fram að stjórnendur væru velviljaðir, það væri gott að leita til þeirra en kennarar upplifðu samt ekki að nægilega væri komið væri til móts við óskir þeirra. Í einhverjum rýnihópum kom fram að starfsmenn vildu eiga meiri þátt í ákvörðunum og í hópi almennra starfsmanna kom fram að upplýsingaflæði til þeirra mætti vera betra. Það kom fram að almennt vildu kennarar sjá meiri stuðning stjórnenda og meiri sýnileika í kennslustofum en það kom einnig fram að skólastjóri tæki á móti börnunum á morgnana og væri í góðu sambandi við nemendur. Starfsmenn voru margir ánægðir með að vitund stjórnenda um gildi hróss hefði vaxið og starfsmönnum væri oft hrósað þó einhverjum myndist endurgjöfin mætti vera meiri. Það kom fram ánægja með að skólastjórinn hefði gengið mjög ötullega fram í því að aðlaga húsnaðið betur að óskum starfsmanna.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ svipað gildi í Vogaskóla og almennt í grunnskólum borgarinnar. Viðhorf gagnvart faglegri stjórn skólans voru mun jákvæðari 2009 en árið á undan.
- Stjórnendur eru sagðir aðgengilegir og gott að leita til þeirra.
- Kennarar leita mikið til deildarstjóra en finna fyrir auknu álagi á millistjórnendur.
- Kennarar vilja eiga meiri þátt í ákvarðanatöku og sjá meiri stuðning stjórnenda.
- Stjórnendur voru sagðir duglegir að hrósa, en kennarar vildu sjá stjórnendur enn meira í kennslustofum.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á haustönn 2009. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5,4 kennslustundir.⁷ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 28,2 kennslustundir á önninni⁸, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 5,2 kennsludaga á vorönn 2009.⁹

Á sama hátt var farið yfir forföll starfsmanna annarra en kennara. Að meðaltali voru þeir fjarverandi 5,3 daga á önninni.

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 5,2 kennsludaga á haustönn 2009.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 5,3 daga á haustönn 2009
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

⁷ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁸ Vetrarorlof, langtímaveikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

⁹ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 18 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Vogaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Vogaskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 368.114 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 372.609 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Vogaskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 407.782 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 405.123 þús. kr.

Ábendingar

- Vogaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru innan fjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Markvisst hefur verið unnið að stefnumótun og skólaþróun undanfarin ár. Námsárangur er almennt góður og nemendum líður vel í skólanum. Skólinn kemur vel út úr foreldrakönnun 2010 og að mati kennara ríkir metnaður í skólastarfinu.

Veikleikar: Árangur í lesskimun vorið 2009 er slakari en áður og hlutfallslega færri lesa sér til gagns. Einelti mælist nokkuð meðal stráka og á unglíngastigi.

Ögranir: Nemendum hefur fækkað undanfarin ár sem kallar á breytingar á skipulagi. Ögrun felst í því að nýta enn frekar kosti nýja skólahússins.

Tækifæri: Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum kennsluháttum og krefjandi verkefnum á öllum aldurstigum. Einnig að vinna að virkari þátttöku foreldra í skólastarfi.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2009 er lakari en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (65% miðað við 72% í borginni allri) og lægra hlutfall nemenda í Vogaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (59% miðað við 69% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2009 er lakari en árið áður (76%) og hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (73% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Vogaskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 10,9 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Vogaskóla stóðust 83% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Vogaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk vorið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og jafnframt í flestum tilvikum yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í íslensku og stærðfræði í 7. bekk og í íslensku í 10. bekk 2009 sýnir venjulegar framfarir nemenda en í stærðfræði í 10. bekk miklar framfarir nemenda (1,09).

Stjórnun

- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrjár deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans.
- Skipurit skólans kemur fram í starfsáætlun fyrir 2009-2010. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og alla starfsmenn skólans liggja fyrir og í starfsáætlun 2009-2010 er að finna stuttar lýsingar á verksviði starfsmanna eftir starfsheitum.
- Deildarstjórar yngra stigs (1.-7. bekkja) og eldra (8.-10. bekkja) eru í hálfu starfi sem stjórnendur og hálfu sem kennarar á stiginu, deildarstjóri sérkennslu er í 65% starfi sem stjórnandi.
- Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til ákvarðanatöku og til að fara yfir skipulag næsta mánaðar.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 78% svarenda vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast tæp 40% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram ánægja með mikinn metnað skólastjóra gagnvart skólanum.

- Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur almennt ágæt, en deildarstjórar hafi of mikið á sínum herðum sérstaklega á yngra stigi sem nær yfir 1.-7. bekk. Að mati kennara gætir ákveðinnar þreytu í þeim samskiptum vegna álagsins.
- Fastir fundartímar eru tvisvar í viku, á þriðjudögum eru kennarafundir og starfsmannafundir og á fimmtudögum stigsfundir og hópafundir og viðvera starfsmanna á þessum tíma þegar ekki er boðað til funda.
- Skoðaðar voru stundatölur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30, á töflu 5.-7. bekkja 35 og hjá 8. bekk 37 nemendatímar. Hjá 9. og 10. bekk eru 30 tímar á töflu, þar til viðbótar koma valgreinar.
- Stundatölur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir nema í 7. og 8. bekk og sund hjá eldri bekkjum virðast vera stakir tímar.
- Samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir. Gott samstarf er við Menntaskólann við Sund sem felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknum og kennslu.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2009 og telst hún samkvæmt því mati vera í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna skólans tekur mið af grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Gildi Vogaskóla eru: **Virðing, Samvinna og Ábyrgð**. Þau eru byggð út frá markmiðsgrein grunnskólalaganna þar sem fram kemur hlutverk grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin.
- Stjórnendur skólans hafa unnið að því að setja stefnumótun hans fram sem *Samhæft árangursmat (Balanced Scorecard)*. Þar er lýst framtíðarsýn, hlutverki, gildum og stefnu í skólastarfi. Áherslupættir eru settir fram í fjórum víddum; Skólasamfélagið, Innri ferlar, Mannauður og Fjármál.
- Almennt virðast starfsmenn þekkja stefnu og markmið skólans vel miðað við niðurstöður úr viðhorfskönnun 2009.
- Foreldrar í rýnihópi segja að skólanámskráin sé kynnt og telja að almennt þekki foreldrar stefnu skólans ágætlega.

Nemendur og líðan

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum svöruðu rúm 76% nemenda að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Vogaskóla í apríl 2010 er skólinn er aðeins yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri en nálægt meðaltali í áhuga á stærðfræði og hefur hvort tveggja aukist frá síðustu mælingu í febrúar. Þegar spurt er um trú á eigin getu er hún yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði og fylgir þeim sveiflum sem verða almennt í svörum nemenda.
- Spurning um sjálfsálit er nálægt landsmeðaltali, svo og spurningar um stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan. Einelti er aftur á móti undir landsmeðaltali.
- Spurningar um skóla og bekkjaranda sýna jákvæðar breytingar frá síðustu mælingu og fylgja flestar landsmeðaltali nema spurning um aga í tímum sem dalar aðeins og mælist undir landsmeðaltali.
- Foreldrar barna í Vogaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,1 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.

- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-10. bekk kemur fram að 7.1% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (4.5%) en stráka (9,8%) og hefur einelti meðal stráka aukist frá fyrra ári.
- 5 nemendur segjast hafa verið lögð í einelti í ár eða lengur.
- Hlutfallslega er meira um einelti á unglingsstigi en á miðstigi.
- Af 63 foreldrum í Vogaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja átján eða 29%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27% (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði vel í skólanum og halda að öðrum líði líka vel. Þeim finnst þau örugg „bæði inni og úti“.
- Nemendur kannast við einelti og nefna dæmi um það í öllum rýnihópum, en þau segja líka að við því sé brugðist „það er farið yfir þetta allt og það er mikið gert í þessu“. Í einum rýnihópnum kemur fram það mat nemenda að nýta mætti bekkjarfundi og umsjónartíma betur til að ræða mál af þessu tagi.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru góðir, skemmtilegir, útskýra vel og hrósa mikið en þó eru sumir þeirra „erfiðari en aðrir“. Sumir halda ekki athygli krakkanna, kemur líka fram í rýnihópi og best er að kennarar séu „sanngjarnlega strangir“.

Stjórn nemendafélags

- Stjórn nemendafélags Vogaskóla er skipuð fulltrúum nemenda úr 8.-10. bekk og er kjörin eftir vel útfærðum lýðræðislegum leiðum sem þróaðar voru í tengslum við móðurskólaverkefni Vogaskóla í nemendalýðræði.
- Stjórnin skipuleggur viðburði í félagslífi nemenda í unglingsdeild og að einhverju marki fyrir miðstigið
- Fulltrúar í skólaráð hafa ekki verið kjörnir af nemendum eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um skólaráð, en samkvæmt upplýsingum frá félagsgreinakennurum stendur það til bóta.

Reglur og agi

- Skólareglur eru birtar í skólanámskrá skólans. Þær hafa nýlega verið endurskoðaðar, m.a. er lögð áhersla á virðingu, kurteisi og tillitssemi, góða umgengni og stundvísi.
- Reglurnar uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Skólareglur eru kynntar foreldrum í námskynningum og í bekkjum að hausti. Í sumum skólastofum sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum eru skólareglur og/eða bekkjarreglur uppi við.
- Nemendur í rýnihópum þekkja einkunnarorð skólans og skólareglur en „það gengur misvel að fara eftir reglunum“. Þeir þekkja líka viðurlögin, hvernig hægt er að vinna sig upp „mínusar fara út og jafnast þegar plúsarnir koma“ og vita hvenær þeir fara til skólastjórans.
- Hrós mætti vera meira og markvissara að mati bæði nemenda og starfsmanna í rýnihópum, en samt hefur aukist skilningur á mikilvægi hróssins að mati kennara.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Kennarar í rýnihópum tala um að vinnufriður sé almennt ágætur en „maður þarf að hafa meira fyrir því að hafa vinnufrið“ og mál sem upp koma eru þyngri en áður

- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 81% svarenda í Vogaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Í heildina er fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista hlutfallslega lægri en almennt gerist.
- Fjarvistir (óheimilar) eru mestar í bekkjum á unglingsstigi og skera sig úr annar 8. bekkurinn og báðir 9. bekkirnir.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í foreldrakönnun 2010 segjast rúmlega 81% foreldranna vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust 39% vera mjög ánægð.
- Meðaltalsánægja foreldra er 4.1 (af 5) í Vogaskóla sem er jafnt meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 78% vera ánægð með stjórnunina, þar af sögðust 40% vera mjög ánægð.
- Ánægja foreldra í Vogaskóla með stjórnunina var 4,1 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í heildina kemur skólinn frekar vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er um og yfir meðaltali í spurningum um skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og kennslu í lestri, íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Ánægja foreldra hefur aukist verulega hvað varðar almennt ástand húsnæðis, möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi og leikaðstöðu á skólalóð frá síðustu foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi segja nú ríkja sátt um skólann og húsnæðið, en þetta hefur verið „löng leið“ í gegnum mikið skilningsleysi og mikið álag á kennara.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjú fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Í aðgerðaáætlun fyrir skólaráðið er að finna dagsetningar funda og verkefni hvers fundar. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, haldinn er einn opinn fundur á skólaárinu sem er jafnframt aðalfundur félagsins. Mæting hefur verið slök á fundina og fáir gefa kost á sér til starfa.
- Á heimasíðu skólans er sérstök síða fyrir foreldrafélagið með fréttum og fundargerðum og fleiri upplýsingum en flestar þeirra eru frá skólaárinu 2008-2009, þar á meðal um stjórn og bekkjarfulltrúa.

Upplýsingamiðlun og samskipti

- Foreldrar telja sig almennt fá ágætar upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, vikulega koma upplýsingar í Mentor, fréttabréf frá kennurum, upplýsingar um heimanám og fleira.
- Heimasíðan er einnig virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, þó þeir hafi efasemdir um að upplýsingar þar séu lesnar gaumgæfilega.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust tæp 82% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru 40% mjög ánægð.
- Í handbók starfsmanna fyrir skólaárið 2009-2010 er kafli um samstarf heimila og skóla. Þar kemur fram að á skólaárinu verði lögð sérstök áhersla á að stuðla að góðu samstarfi og auka þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu.

- Það er mat kennaranna að upplýsingaflæði sé mikið og samskipti við foreldra almennt góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Meðal markmiða í stefnu Vogaskóla er að hver og einn fái nám við hæfi og áhersla verði á fjölbreytt námstækifæri, að nemendur taki ábyrgð á eigin námi, hegðun og skólaumhverfi og að þjálfa markvisst félagslega færni og samvinnu nemenda.
- Í námsáætlunum greina og árganga er sérstakur kafli um kennsluhætti. Í flestum áætlunum eru tilgreindir fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu en mismikið útfært eftir greinum og árgöngum.
- Í yngri bekkjum eru oftast tilgreindar fjölbreyttar leiðir og þær sem áhersla er á í stefnu skólans en á miðstigi og unglíngastigi er lýsing á kennsluháttum almennt knappari.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um helmingi þeirra stunda sem heimsóttar voru.
- Fjölbreyttust voru vinnubrögðin á yngsta stigi. Á miðstigi voru algengustu vinnubrögðin verkefnavinna undir stjórn kennara og í unglíngadeild til jafns innlögn og umræður og svo verkefnavinna um stjórn kennara
- List- og verkgreinar í 1.-8. bekk eru kenndar í lotum yfir skólaárið en tónmennt allt skólaárið 2 tíma í viku í 1.-5. bekk og 1 tíma í 6. bekk. Á unglíngastigi er þessar greinar í boði sem val.
- Skólasafn er miðsvæðis í skólanum í nýju byggingunni ásamt tölvuveri og myndar þannig upplýsingaver skólans. Safnið virðist vel búið bókum og gögnum. Ekki koma fram í skólanámskrá upplýsingar um safnið eða hvernig það er nýtt í skólastarfinu.
- Boðið er upp á valgreinar fyrir nemendur í 9. -10. bekk, alls 12 námskeið og eru flest þeirra list- og verkgreinatengd. Frjálst val nemenda er 6 stundir.
- Námsmat: Á yngsta stigi er lögð áhersla á matslista í stað einkunna, sjálfsmat þar sem nemendur meta sig sjálfir með aðstoð forráðamanna ásamt kennaramati þar sem umsjónarkennarinn metur nemandann. Í 5.-10. bekk fá nemendur annareinkunn í janúar og júní. Auk þess er sjálfsmat nemenda og mat foreldra.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í skipulagsstoðinni og námsumhverfisstoðinni.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi, en einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur þó fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námi.
- Hjá kennara kemur fram að mikil umræða hefur verið í skólanum um nám og námsmat undanfarin ár, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum teljast góðar eða 63% og 7% til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Sérkennsla

- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um sérkennslu og nýbúakennslu, sinnir greiningu og sér um fyrirlögn ýmissa greiningarprófa.

- Námsver Vogaskóla hefur að leiðarljósi hugmyndafræði um skóla fyrir alla þar sem nám við hæfi er í forgrunni
- Skólahúsið er nýtt og „það þurfti að þróa ýmislegt þegar þetta rými var tekið til notkunar“. Námsverið er of lítið að mati rýnihóps sérkennslu
- Skólinn er ágætlega búinn gögnum en tölvubúnaður er orðinn heldur slakur, að mati rýnihópsins.
- Sérkennsla er einkum veitt þeim sem þurfa sérstakan stuðning í lestri, íslensku og/eða stærðfræði. Sérkennslan er ýmist veitt inni í bekk eða í hóptímum í námsveri skólans, leitast er við að veita fremur stuðning inni í bekk
- Tímum í sérkennslunni fer fækkandi, segir í rýnihópnum, það er minni tími fyrir sérkennslu inni á svæðinu og of margir nemendur fá ekki stuðning að þeirra mati
- Skimanir og samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í öllum árgöngum til að kanna stöðu nemenda, kennarar meta í samstarfi við sérkennara hverjir þurfa aðstoð.
- Deildarstjóri sérkennslu sér um að einstaklingsáætlanir séu gerðar með einstökum nemendum og í samstarfi við foreldra og umsjónakennara.
- Upplýsingaflæði er gott að mati rýnihóps um sérkennslu og „við þössum vel upp á samvinnu okkar á milli“. Mikil samskipti eru við foreldra.
- Samstarf við þjónustumiðstöð er mjög gott að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Námsráðgjafi er í 50% starfi hefur m.a. það hlutverk að vinna með nemendum að því er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum þeirra.
- Nemendaverndarráð starfar í samræmi við grunnskólalög og reglur um ráðið. Það fundar vikulega á starfstíma skólans.

Skólaþróun, mat og upplýsingamiðlun

- Á árunum 2002-2005 var unnið að þróun einstaklingsmiðaðs náms í Vogaskóla á grunni kenninga um „skóla sem lærir“
- Vogaskóli var móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu á árunum 2004-2006. Þess sér stað í nemendastarfi og í sérstakri umfjöllun um þessa þætti í skólanámskrá skólans.
- Haustið 2007 fengu kennarar við Vogaskóla styrk til að vinna að heildstæðri lestrarstefnu við skólann með það að markmiði að ákveðið flæði skapist milli allra árganga og að nemendur læri lestur alla skólagönguna.
- Mikil umræða um nám og námsmat, kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám hefur farið fram í skólanum undanfarin ár, segir kennari og að hans mati er skólinn duglegur að „pikka upp eitthvað nýtt“.
- Sjálfsmatsskýrsla, umbóta- og þróunaráætlun Vogaskóla 2007-2010 liggur fyrir við matið.
- Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2009-2010 er unnið að 9 umbótaþáttum í þremur víddum. Í Balanced Scorecard eru þessi verkefni nánar útfærð með aðgerðum og mælikvörðum.
- Skólanámskrá Vogaskóla fyrir skólaárið 2009-2010 liggur fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins, s.s. stefnu skólans, fjölmenningu, stoðkerfi, námsáætlunum o.fl.
- Markmið námsgreina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram markmið sem unnið er að, lýsing á kennslunni og fjöldi kennslustunda, námsefni/ námsgögn, kennsluhættir og námsmat og svo hvernig námsefni eð a áherslur skiptast á tímabilið eftir vikum eða mánuðum. Í flestum

námsgreinum eru mjög greinargóðar upplýsingar um markmið, kennsluhætti og einstök verkefni nemenda svo og um námsmat.

- Námsáætlanir hvers árgangs og hverrar greinar fyrir önnina eru birtar á heimasíðu skólans. Þær eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Heimasíða Vogaskóla er aðgengileg, fréttir eru uppfærðar reglulega en ýmsar upplýsingar vantar sem þar eiga að vera, m.a. grunnupplýsingar um skólann.
- Upplýsingar vantar á heimasíðu um mat á skólastarfi og þróunarstarf í skólanum, einnig um sérkennslu, móttöku nýbúa og um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Unnið er að því að móta umhverfisstefnu eða umhverfissáttmála Vogaskóla með það að leiðarljósi að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins.
- Útikennsla er hluti af námi nemenda í 3. og 7. bekk en ekki í öðrum árgöngum miðað við upplýsingar í námsáætlunum.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat hefur farið fram og síðast 2008 fór gæðaráð (skólans) yfir öryggisþætti með vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins. Þar kemur fram að allir þættir sem við eiga í vinnuumhverfi skólans teljast vera í lagi.
- Skólastjóri fundar með öryggisteymi tvisvar á ári, í því sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarverðir skólans. Einnig er farið yfir öryggismál á fundi með skólaráði einu sinni á ári.
- Bent er á nauðsyn þess að endurtaka yfirferð á öryggisþáttum eftir að ný bygging hefur verið tekin í notkun.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“ gildið 4,38 í Vogaskóla sem er á styrkleikabili og ofar heildarmeðaltali grunnskóla borgarinnar (4,27)
- Heildarstarfsánægja mældist meiri vorið 2009 en árið á undan.
- Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2009 svaraði enginn því játandi að hafa orðið fyrir áreitni eða einelti af hálfu samstarfsfólks.
- Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans nefndi fólk góðan og metnaðarfullan starfsmannahóp, jákvætt andrúmsloft, faglegt starf og staðsetningu skólans.
- Ábendingar um það sem betur mætti fara snéru helst að því að ekki væri nægilegt samráð við kennara, þeir vildu fá að taka meiri þátt í ákvörðunum, s.s. vegna skóladagatala og þemaviku. Það kom fram að hópastærðir væri óheppilegar og viðbrögð við agavandamálum mættu vera markvissari.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og stigsfundum. Tveir til þrjú kennarar eru samábyrgir fyrir nemendum innan árgangs.
- Kennarar í árgangi hafa nána samvinnu, undirbúa og skipuleggja kennsluna saman og skipta með sér verkum.
- Starfsmenn lýstu því þó að hópurinn væri þéttur og að auðvelt væri að sækja stuðning til samstarfsmanna ef á þyrfti að halda.
- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Í viðhorfakönnun 2009 fékk skólinn gildið 3,95 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ sem er aðeins lægra heildarmeðaltalsgildi MSR (4,04).
- Tæplega þriðjungur starfsmanna svarar þó hvorki né við spurningu um hvort símenntun hafi gagnast í starfi.
- Símenntunaráætlun skólans nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð og skilgreind.
- Umræða í rýnihópum var jákvæð gagnvart símenntun.
- Vorið 2009 höfðu 90% svarenda viðhorfakönnunar farið í starfsþróunarsamtal. Um 43% svarenda töldu samtölin hvorki gagnleg né ógagnleg.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í viðhorfakönnuninni 2009 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ svipað gildi í Vogaskóla og almennt í grunnskólum borgarinnar. Viðhorf gagnvart faglegri stjórn skólans voru mun jákvæðari 2009 en árið á undan.
- Stjórnendur eru sagðir aðgengilegir og gott að leita til þeirra.
- Kennarar leita mikið til deildarstjóra en finna fyrir auknu álagi á millistjórnendur.
- Kennarar vilja eiga meiri þátt í ákvarðanatöku og sjá meiri stuðning stjórnenda.
- Stjórnendur voru sagðir duglegir að hrósa, en kennarar vildu sjá stjórnendur enn meira í kennslustofum.

Viðvera starfsmanna

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 5,2 kennsludaga á haustönn 2009.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 5,3 daga á haustönn 2009
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

Fjármál

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Hagir og líðan barna í Reykjavík. Vogaskóli. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Handbók starfsmanna 2009-2010. Vogaskóli.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Vogaskóli vorið 2009. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Sjálfsmatsskýrsla, umbóta- og þróunaráætlun Vogaskóla 2007-2010.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun 2009-2010. Vogaskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótta- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Vogaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Vogaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Vogaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Vogaskóli – kynningarpési. (Ár ekki tilgreint.)

www.Vogaskoli.is

Fylgiskjöl

1. Vogaskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur